

30.júní 2020

EFNI: UMSÖGN UM „DRÖG AÐ REGLUGERÐ UM (1.) BREYTINGU Á REGLUGERÐ NR. 80/2016 UM VELFERÐ GÆLUDÝRA“. MÁL NR. 114/2020.

Hér er að finna umsögn Fuglaverndar, Náttúruverndarsamtaka Íslands, Landverndar, Líffræðifélags Íslands, Hins íslenska náttúrufræðifélags, Vistfræðifélags Íslands og Samtaka náttúrustofa um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um velferð gæludýra. Þakkað er fyrir veittan frest til að senda inn umsögn.

Tilgangur fyrirhugaða breytinga á reglugerð nr. 80/2016 um velferð gæludýra virðist fyrst og fremst sá að veita villtum köttum á Íslandi einhvers konar lagalegan tilverurétt, ásamt því að lögleiða hina svokölluðu veiði-gelda-sleppa aðferð, einnig kölluð TNR (*Trap-Neuter-Return*) á villiköttum. Undirrituð eru meðvituð um að talsmenn þessara breytinga vilji vel og að þeir telji hana til bóta fyrir velferð villikatta á Íslandi. Undirrituð telja fyrirhugaðar breytingar aftur á móti mikla afturför m.t.t. náttúruverndar og dýravelferðar í heild og mælast til þess að þær taki ekki gildi.

Gagnrýni okkar snýr helst að þremur þáttum:

1) DRÖGIN ERU Í ANDSTÖÐU VIÐ NÁTTÚRUVERNÐ

Villtir kettir eru framandi tegund á Íslandi^a og því ekki hluti af náttúrulegu lífríki landsins. Í mörgum löndum eru kettir ágengir^b og í dag er staðan sú að heimiliskettir teljast með þeim ágengu tegundum heims sem valda mestum neikvæðum umhverfisáhrifum.^{1,2} Samkvæmt samantekt alþjóðasérfræðingahópsins um ágengar tegundir ISSG (*Invasive Species Specialist Group*) bera kettir ábyrgð á veru 587 tegunda á alþjóðlega válistanum (*IUCN Red List of Threatened Species*). Þar af hafa kettir þegar útrýmt 44 tegundum og 104 tegundir eru í bráðri hættu af þeirra völdum.³

^a Framandi lífverur: Tegund eða lægri flokkunareining, svo sem afbrigði, kyn eða stofn, þ.m.t. lífhlutur, kynfrumur, fræ, egg eða dreifingarform sem geta lifað af og fjölgað sér, sem menn hafa flutt vísitandi eða óvitandi út fyrir sitt náttúrulega forna eða núverandi útbreiðslusvæði (Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd).

^b Ágeng framandi lífvera: Framandi lífvera sem veldur eða líklegt er að valdi rýrnun líffræðilegrar fjölbreytni (Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd). Lesa má um framandi og ágengar tegundir í yfirlitsgrein Menju von Schmalensee sem finna má í fylgiskjali með þessari umsögn (Menja von Schmalensee. 2010. Vágestir í vistkerfum - fyrri hluti. Stiklað á stóru um framandi ágengar tegundir. Náttúrufræðingurinn 80. 15-26.)

Neikvæð áhrif katta á líffræðilega fjölbreytni stafa fyrst og fremst af afráni þeirra og hafa margar erlendar rannsóknir sýnt að umfang afránsins er afar mikið. Villtir kettir bera ábyrgð á stærstum hluta þess, enda þurfa þeir að veiða meira sér til lífsviðurværis en kettir sem hafa aðgang að mat á heimili sínu.⁴⁻⁷ Engar rannsóknir hafa farið fram á afráni katta hérlendis, en líklegt verður að teljast að þeir geti haft a.m.k. staðbundin neikvæð áhrif á fuglalíf.⁸ Mögulega er að finna um 2.000 villta ketti á Íslandi.⁹ Sé þetta rétt mat eru villtir kettir að líkindum stærra umhverfisvandamál en margan óraði fyrir og er nauðsynlegt að fækka þeim verulega.

Talsmenn TNR aðferðarinnar hafa haldið því fram að hér sé komin mannúðleg aðferð til að halda villikattastofnum í skefjum. Undirrituð benda á að þessi aðferð er mjög umdeild^{8, 10-12} og er gildi hennar fyrir náttúruvernd áfaklega takmarkað ef nokkuð, þar sem villtir kettir halda áfram að valda tjóni á villtu dýralífi þótt þeir séu geldir.

Til þess að TNR aðferðin virki sem skyldi m.t.t. þess að minnka villikattastofna svo um munar, þarf að uppfylla mjög þröng skilyrði. M.a. þarf hlutfall geldra katta í stofnunum að vera mjög hátt og taka þarf fyrir uppsprettu villtra katta. Hvort tveggja er afar ólíklegt meðan ógeldir heimiliskettir ganga lausir, sem í einhverjum tilfellum bætast í villikattastofna. Þá ætti ávallt að fylgja aðferðinni eftir með rannsóknum til að meta árangur aðgerða, svo og umfang tjónsins sem villtu geldu kettirnir valda.

Vísindamenn hafa farið yfir helstu rök og alhæfingar sem talsmenn TNR aðferðarinnar setja jafnan fram og sýnt að þau eru ekki studd vísindalegum gögnum eða rökum. Reyndar er mælt til þess að TNR aðferðin ætti að vera háð umhverfismati, eins og aðrar aðgerðir sem skaðað gætu náttúruna.¹¹

Undirrituð benda á ítarlega samantekt Menju von Schmalensee um ketti í mannfræðilegu og vistfræðilegu samhengi, sem birtist í ársriti Fuglaverndar 2019 og er fylgiskjal með þessari umsögn.⁸ Þar er m.a. farið yfir áhrif katta á lífríki víða um heim og á Íslandi, rætt um TNR aðferðina, og settar fram tillögur til yfirvalda og kattaeigenda um fyrirkomulag kattahalds.

2) DRÖGIN ERU Í ANDSTÖÐU VIÐ DÝRAVELFERÐ

Þegar litið er til velferðar villtra katta á Íslandi er nauðsynlegt að hafa í huga að formóðir heimiliskattarins, hinn afríski villiköttur (*Felis silvestris lybica*), var (og er enn í einhverjum mæli) að finna í Afríku og Mið-Austurlöndum, þar sem umhverfisaðstæður og loftslag eru með allt öðrum hætti en hér á landi.^{13, 14} Hinn almenni heimilisköttur hefur lítið breyst þróunarfræðilega frá því hann hóf samneyti við manninn.¹⁵⁻¹⁷ Villtir kettir á Íslandi eru því engan veginn aðlagaðir þeirri veðráttu sem hér er að finna og allt bendir til þess að þeir eigi hér mjög vesældarlegt líf, þar sem lífsbaráttan er hörð og afföll há.⁹ Þeir eru því ekki líffræðilega í stakk búnir til þess að takast á við íslenskan vetur á sama hátt og t.d. tófan, eina upprunalega íslenska ránspendýrið.¹⁸ Í ljósi þess virðist villtum köttum ekki vera neinn greiði gerður með því að veiða þá, gelda og sleppa aftur, og mun mannúðlegri væri að aflífa þá á viðurkenndan og mannúðlegan hátt.

Þá skýtur skökku við að beita dýravelferðarrökum fyrir TNR aðferðinni, því tilvist villtra framandi katta í náttúrunni hefur neikvæð áhrif á velferð mikils fjölda annarra dýra, s.s. fugla, sem verða köttum að bráð, særast, truflast, verða fyrir streitu, missa afkvæmi sín í kattarkjaft eða þurfa að breyta um atferli með neikvæðum afleiðingum.^{12, 19, 20}

3) DRÖGIN ERU Í ANDSTÖÐI VIÐ ALÞJÓÐASAMNINGA Á SVIÐI NÁTTÚRUVERNDAR OG GILDANDI LÖG Íslendingum ber skylda til að tryggja eftir fremsta megni vernd náttúrunnar gegn ágengum tegundum samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland hefur fullgilt, s.s. samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni. Að leyfa tilvist villtra katta í náttúrunni gengur gegn slíkum skuldbindingum og breytir þá litlu að hluti þeirra sé geldur, þar sem geldir villtir kettir geta áfram valdið tjóni.

Köttum sem lifa villtir á Íslandi má skipta í tvo hópa; annars vegar þeir sem fæðst hafa hjá mönnum en hafa lagst út, hafa týnst eða vera skildir eftir og svo hins vegar þeir sem fæðast villtir. Í fyrra tilfellinu verður að líta svo á að kettirnir flokkist sem gæludýr/húsdýr og því væri það í andstöðu við 23. gr. laga um velferð dýra (2013 nr. 55) að sleppa ketti aftur út í náttúruna eftir geldingu, sbr. „Óheimilt er að sleppa dýrum sem hafa alist upp hjá mönnum út í náttúruna í þeim tilgangi að þau verði þar til frambúðar. Þó er heimilt að sleppa seiðum og fiskum.“ Í seinna tilfellinu má líta svo á að kötturinn sé villt dýr (eða hálfvillt) en í því tilfelli væri það að sleppa ketti út í náttúruna eftir geldingu í andstöðu við 63. og 65 grein laga um náttúruvernd (2013 nr. 60). Í 63. greininni kemur skýrt fram að „Óheimilt er að flytja inn **og dreifa** lifandi framandi lífverum nema með leyfi Umhverfisstofnunar“, en með því að sleppa aftur geldum villiketti má segja að verið sé að dreifa framandi lífveru. Í 65. gr. kemur fram að „Sá sem ber ábyrgð á dreifingu lifandi lífvera skal gæta sérstakrar varúðar til að koma í veg fyrir að dreifingin dragi úr líffræðilegri fjölbreytni lífríkisins sem fyrir er.“ Erfitt er að sjá hvernig aðilar sem sleppa aftur köttum eftir geldingu eigi að koma í veg fyrir tjón á náttúrulegu lífríki sem verður af þeirra völdum.

Loks má nefna að nú stendur yfir endurskoðun laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (1994 nr. 64) og er miðað við að nýju lögin taki mið af umfangsmikilli skýrslu nefndar á vegum umhverfisráðherra um lagalega stöðu villtra dýra.²¹ Kafli 6.5 í þeirri skýrslu fjallar sérstaklega um vernd lífríkis fyrir gælu- og húsdýrum og er þar mælt til þess að grípa til aðgerða gegn þeim villikattastofnum sem finna má hér á landi. Þá taldi nefndin að sveitarfélög ættu að vera lagalega ábyrg fyrir eftirliti með og aðgerðum gegn villiköttum til að stuðla að fækkun eða útrýmingu þeirra.

Í ljósi allra framangreindra þátta mæla undirrituð gegn því að TNR aðferðinni sé beitt hér á landi. Áfram ætti að vera óheimilt að sleppa aftur villtum köttum sem veiðast.

Undirrituð vilja þó taka skýrt fram að þau styðja heils hugar og bera mikla virðingu fyrir þeim aðgerðum félagasamtaka sem stuðla að því að fanga heimilsketti á vergangi, sinna þeim og koma

aftur inn á heimili manna, séu kettirnir til þess fallnir. Hins vegar teljum við að þeir kettir sem eru of villtir til að geta liðið vel undir mannahöndum til frambúðar verði að fanga og aflífa á mannúðlegan hátt. Fornarkostnaðurinn við að sleppa geldum köttum aftur eftir geldingu m.t.t. náttúruverndar og dýravelferðar er einfaldlega of hár þótt mögulega væri með því stuðlað að bættri velferð eða líf skjörum einstakra katta.

Þá hvetja undirrituð einnig til þess að stjórnvöld beiti sér fyrir fræðslu og aðhaldi til kattaeigenda með það að leiðarljósi að stuðla almennt að bættri velferð katta og koma í veg fyrir að villtir kattastofnar verði til.

F.h. Fuglaverndar,

Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri

F.h. Hins íslenska náttúrufræðifélags,

Ester Rut Unnsteinsdóttir, formaður

F.h. Landverndar,

Auður A. Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

F.h. Líffræðifélags Íslands,

Lísa Anne Libungan, formaður

F.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands

Árni Finnson, formaður

F.h. Samtaka náttúrustofa,

Róbert A. Stefánsson, formaður

F.h. Vistfræðifélags Íslands,

Freydís Vigfúsdóttir, formaður

Fylgiskjöl með umsögn:

[https://www.researchgate.net/publication/335099654_Heimiliskotturinn -
_Besti_vinur_mannsins_en_ogn_vid_fuglalif_The_domestic_cat -
_man's_best_friend_but_a_threat_to_birdlife](https://www.researchgate.net/publication/335099654_Heimiliskotturinn_-_Besti_vinur_mannsins_en_ogn_vid_fuglalif_The_domestic_cat_-_man's_best_friend_but_a_threat_to_birdlife)

[https://www.researchgate.net/publication/319315121_Vagestir_i_vistkerfum -
_Fyrri_hluti_Stiklad_a_storu_um_framandi_agengar_tegundir_Ecosystems_in_peril_part_one_A_rev
iew_on_alien_invasive_species_-_English_summary](https://www.researchgate.net/publication/319315121_Vagestir_i_vistkerfum_-_Fyrri_hluti_Stiklad_a_storu_um_framandi_agengar_tegundir_Ecosystems_in_peril_part_one_A_review_on_alien_invasive_species_-_English_summary)

HEIMILDIR

1. Lowe, S., Browne, M., Boudjelas, S. & Poorter, M.D. 2004. 100 of the world's worst invasive alien species. A selection from the Global Invasive Species Database. The Invasive Species Specialist Group (ISSG).
2. Doherty, T.S., Glen, A.S., Nimmo, D.G., Ritchie, E.G. & Dickman, C.R. 2016. Invasive predators and global biodiversity loss. *Proceedings of the National Academy of Sciences of the United States of America* 113. 11261-11265.
3. Global Invasive Species Database. 2019. Species profile: *Felis catus*. <http://www.iucngisd.org/gisd/species.php?sc=24> sótt 03-05-2019.
4. Loss, S.R., Will, T. & Marra, P.P. 2013. The impact of free-ranging domestic cats on wildlife of the United States. *Nature Communications* 4. 1-7.
5. Loss, S.R., Will, T. & Marra, P. 2015. Direct Mortality of Birds from Anthropogenic Causes. Bls. 99-120 í *Annual Review of Ecology, Evolution, and Systematics*, Vol 46 (ritstj. Futuyama, D.J.). Annual Reviews, Palo Alto.
6. Woods, M., Macdonald, R.A. & Harris, S. 2003. Predation of wildlife by domestic cats *Felis catus* in Great Britain. *Mammal Rev* 33. 174-188.
7. Blancher, P. 2013. Estimated number of birds killed by house cats (*Felis catus*) in Canada. *Avian Conservation and Ecology* 8. 20.
8. Menja von Schmalensee. 2019. Heimiliskötturinn - Besti vinur mannsins en ógn við fuglalíf? *Fuglar* 12. 28-41.
9. Kristinn Haukur Guðnason. 2020. Villikettirnir fá lagalega stöðu. Viðtal við Arndísi Björgu Sigurgeirsdóttur, formaður Villikatta. í *Fréttablaðið* 18. júní 2020, <https://www.frettabladid.is/frettir/villikettirnir-fa-lagalega-stodu/>, sótt 28. júní 2020.
10. Loss, S.R., Will, T., Longcore, T. & Marra, P.P. 2018. Responding to misinformation and criticisms regarding United States cat predation estimates. *Biological Invasions* 20. 3385-3396.
11. Longcore, T., Rich, C. & Sullivan, L.M. 2009. Critical assessment of claims regarding management of feral cats by Trap-Neuter-Return. *Conservation Biology* 23. 887-894.
12. Marra, P.P. & Santella, C. 2016. *Cat Wars. The Devastating Consequences of a Cuddly Killer*. Princeton University Press, Princeton & Oxford. 212 bls.
13. Hunter, L. 2016. *Wild cats of the world*. Bloomsbury Natural History, London & New York. 240 bls.
14. Driscoll, C.A., Macdonald, D.W. & O'Brien, S.J. 2009. From wild animals to domestic pets, an evolutionary view of domestication. *Proceedings of the National Academy of Sciences of the United States of America* 106. 9971-9978.
15. Serpell, J.A. 2014. Domestication and history of the cat. Bls. 83-100 í *The Domestic Cat. The Biology of its behaviour* (ritstj. Turner, D.C. & Bateson, P.). Cambridge University Press, Cambridge.
16. Serpell, J.A. 2000. Domestication and history of the cat. Bls. 179-193 í *The Domestic Cat. The biology of its behaviour* (ritstj. Turner, D.C. & Bateson, P.). Cambridge University Press, Cambridge.
17. Driscoll, C.A., Menotti-Raymond, M., Roca, A.L., Hupe, K., Johnson, W.E., Geffen, E., Harley, E.H., Delibes, M., Pontier, D., Kitchener, A.C., Yamaguchi, N., O'Brien, S.J. & Macdonald, D.W. 2007. The Near Eastern origin of cat domestication. *Science* 317. 519-523.
18. Páll Hersteinsson. 2004. Tófa. Bls. 74-85 í *Íslensk Spendýr* (ritstj. Páll Hersteinsson). Vaka-Helgafell, Reykjavík.
19. Bonnington, C., Gaston, K.J. & Evans, K.L. 2013. Fearing the feline: domestic cats reduce avian fecundity through trait-mediated indirect effects that increase nest predation by other species. *Journal of Applied Ecology* 50. 15-24.

20. Beckerman, A.P., Boots, M. & Gaston, K.J. 2007. Urban bird declines and the fear of cats. *Animal Conservation* 10. 320-325.
21. Menja von Schmalensee, Kristinn H. Skarphéðinsson, Hildur Vésteinsdóttir, Tómas G. Gunnarsson, Páll Hersteinsson, Auður L. Arnþórsdóttir, Hólmfríður Arnardóttir & Sigmar B. Hauksson. 2013. Vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra. Lagaleg og stjórnsýsluleg staða og tillögur um úrbætur. Skýrsla unnin fyrir umhverfis- og auðlindaráðherra. 350+xi bls. ásamt viðaukum.